



Afreksstefna 2015-2025

Inngangur

Innan Skautasambands Íslands (ÍSS) er lagt stund á listhlaup á skautum, sem í dag skiptist í einstaklingsíþrótt, og samhæfðan skautadans, sem er hópíþrótt. Hlutverk og tilgangur ÍSS er að vinna að framgangi skautaíþróttarinnar og útbreiðslu hennar. Það verður best gert með markvissri stefnu og árangursmælikvörðum.

Stefnan er byggð á:

- Tillögum frá opnum vinnufundi í maí 2015 þar sem drög að afreksstefnu voru kynnt.
- Niðurstöðum úr afrekskönnun sem gerð var í desember 2014 og var send á stjórnir og starfsmenn aðildarféлага og ÍSS, þjálfara aðildarféлага, dómara, tæknidómara, afreksfólk og aðra sem sitja í nefndum og ráðum ÍSS. Könnunin var send á 63 aðila og var svarhlutfall 56%.
- Afreksstefnu ÍSS 2006-2010 og viðbótar ályktun sem samþykkt var á fundi með stjórnrum aðildarféлага 24. maí 2008.

Afreksstefna Skautasambands Íslands (ÍSS) er á ábyrgð stjórnar.

Stefnan samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Stöðu listhlaups á skautum í dag.
- Afreksíþróttafólk ÍSS.
- Skipulag afreksstarfs: framkvæmdaraðilar og hlutverk þeirra.
- Fjármögnun.
- Leiðir til að auka almenna þátttöku í íþróttageinininni.

Stefnan verður kynnt á formannafundi vorið 2015 og síðan lögð fyrir skautaþing til samþykktar vorið 2016. Stefnan verður endurskoðuð árlega.

Staðan í dag

Aðildarfélagin eru jafn mörg og skautahallirnar, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri. Iðkendur eru um 550 vorið 2015, og skiptast eftirfarandi:

- Fjöldi keppenda í A eru um 40, þar af hafa 14 skilað viðmiðum í landsliðshópa.
- Núverandi landsliðshópar og fjöldi skautara í hverjum hópi:
 - Afrekshópur – enginn skautari í Kvennaflokki (Senior).
 - Úrvalshópur – 12 skautarar (sjö úr Unglingaflokki (Junior) og fimm úr Stúlknaflokki (Advanced Novice)).
 - Ungir og efnilegir – 2 skautarar.
- Fjöldi keppenda í B eru um 50.
- Fjöldi keppenda í C eru um 80.
- Iðkendur í samhæfðum skautadansi eru um 20.
- Iðkendur í skautaskóla eru um 300.
- Aðrir iðkendur, t.d. frístundaiðkendur, eru um 60.
- Stúlkur eru í miklum meirihluta, þar sem aðeins örfáir strákar stunda íþróttina.

Ekki er starfandi landsliðsþjálfari innan ÍSS en leitað er til félaganna og yfirþjálfara þeirra í ferðum landsliðs erlendis.

ÍSS átti fulltrúa á eftirfarandi mótum á keppnistímabilinu 2014-2015: sex mótum á mótaskrá Alþjóða Skautasambandsins (ISU mót), þ.m.t. Reykjavík International Games (RIG), sem var nú í fyrsta sinn á mótaskrá ISU, Norðurlandamóti (NM), tveimur Junior Grand Prix (JGP) mótum og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF).

Styrkleikar

- **Reynslumiklir erlendir þjálfarar hjá öllum félögum sem staldra lengur við** hefur leitt til stöðugleika fyrir félögin og iðkendur.
- **Iðkendur hafa aðgengi að** ís í um 10-11 mánuði á ári.
- **Aukin áhersla á unga skautara með Skautum regnbogann og Grunnprófum:**
 - **Skautum regnbogann:** Nú vinna öll félögin og þjálfarar þeirra eftir sameiginlegu kerfi fyrir byrjendastig sem leitt hefur til þess að þjálfunin er orðin skilvirkari og markvissari. Kerfið var þróað af ÍSS og byggist á því að bæta og samræma skautakennslu hjá félögum þar sem hægt er að meta árangur (hæfni og hraða) hvers og eins skautara jöfnum höndum.
 - **Grunnpróf ÍSS** eru eitt þeirra kerfa sem leitt hafa til markvissra framfara hjá íslenskum skauturum á undanförunum árum. Grunnprófin eru sjálfstætt framhald af Skautum Regnbogann og er ætlað að veita keppnisrétt í A og B flokkum. Með þessu móti er keppt á jafnréttisgrundvelli.
- **Alþjóða dómaraakerfið (IJS)** er notað á öllum A og B mótum.
- **Góð skipulagning á mótahaldi.**
- **Virkar nefndir fagfólks** vinna markvisst að uppbyggingu íþróttarinnar og áhugi og dugnaður allra sem að íþróttinni koma, bæði fagfólks og sjálfboðaliða, skilar sér í bættri umgjörð.
- **Starfandi lið í samhæfðum skautadansi** skapar meiri fjölbreytni innan íþróttarinnar og heldur iðkendum lengur í íþróttinni.
- **Árangur á mótum sýnir að geta iðkenda fer stigvaxandi.** Einnig hefur vaxandi hópur skautara náð viðmiðum á ISU mót og keppendur eru að færa sig ofar í sætum á mótum.
- **Vaxandi iðkenda fjöldi.**
- **Almennt búa félögin við góða aðstöðu.**
- **Góð fjölmiðlaumfjöllun** sem hefur skilar sér í vaxandi iðkenda fjölda og aukinni athygli styrktaraðila.
- **Þátttaka í þróunarverkefnum**, t.d. Development Trophy.

Veikleikar

- Til að vera samkeppnishæf á heimsmælikvarða þurfa hóparnir að hafa aðgengi að ís allt árið um kring en sú er ekki raunin.
- Listhlaup á skautum er ung keppnisíþrótt hér á landi.
- Lítið um reynslumikið fagfólk í nefndum, stjórnnum, meðal þjálfara og dómara.
- Ósamræmi í ákvörðunum ÍSS milli ára og skýrari verkferla vantar, m.a. meiri sýnileika nefnda, framkvæmd mála og upplýsingaflæði.
- Brottfall unglinga úr íþróttinni.
- Misjafnlega er tekið tillit til íþróttafólks í skólakerfinu.
- Fá félög og aðeins þrjú skautasvell á landinu, sem hvoru tveggja leiðir af sér fákeppni.
- Skortur er á sjálfboðaliðum til að starfa í félögum.
- Fái íslenskir dómara, tæknifólk og þjálfarar; of lítil uppbygging, menntun og reynsla.
- Fái strákar í íþróttinni.
- Hámarksfjöldi iðkenda inn á ís hverju sinni er takmarkaður.
- Núverandi afreksstefna ÍSS hefur ekki verið endurskoðuð reglulega né henni fylgt eftir.
- Of lítil fræðsla, fyrirlestrar og endurmenntun þjálfara.
- Vantar stefnu og utanumhald um yngri iðkendur sem stefna langt í íþróttinni.
- Lítið samstarf milli félaga. Tengslanet er ekki nógu virkt.
- Of lítið starfshlutfall starfsmanns ÍSS.
- Keppt er um ístíma við aðrar íþróttir og almenning.
- Ekki næg nýting á alþjóðatengslum.

Afreksíþróttafólk ÍSS

ÍSS styðst við skilgreiningar ÍSÍ um viðmið afreka íþróttafólks. ÍSS skilgreinir afreksíþróttafólk á eftirfarandi hátt:

- Um framúrskarandi skautara er fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afreksskautari uppfyllir viðmið fyrir Afrekshóp ÍSS á hverjum tíma og er hann talinn, með markvissri og mikilli þjálfun, geta orðið framúrskarandi skautari.
- Úrvalsskautari uppfyllir viðmið fyrir Úrvalshóp ÍSS á hverjum tíma og er hann talinn, með markvissri og mikilli þjálfun, geta komist í Afrekshóp.

Skipulag afreksstarfs

Afreksstarf ÍSS er skipulagt í þremur hópum: **Afrekshópur**, **Úrvalshópur** og **Ungir og efnilegir**. Landslið ÍSS er valið úr Afrekshópi og/eða Úrvalshópi fyrir hvert verkefni.

Við setningu markmiða fyrir hópana er horft til tegunda móta og árangurs á þeim; ISU mót, Norðurlandamót (NM), Vetrarólympíuhátið Evrópuæskunnar (EYOWF), Junior Grand Prix (JGP), Junior Worlds (JW), Evrópumeistarmót (EM), Heimsmeistaramót (HM).

1. **Afrekshópur** samanstendur af skauturum í **Kvennaflokki A** og **Unglingaflokki A** sem skilað hafa viðmiðum í hópinn.

Markmið:

Kvennaflokkur	
Innan 2ja ára	Skautari á ISU mót. Skautari á NM.
Innan 5 ára	Skautarar á ISU mót. Skautari á NM. Skautari á EM.
Innan 10 ára	Skautarar á ISU mót. Skautarar á NM. Skautari á EM. Skautari á HM.

Unglingaflokkur	
Innan 2ja ára	Skautari meðal 10 efstu á ISU móti. Skautari meðal 10 efstu á NM. Skautari meðal 25 efstu á EYOWF. Skautari meðal 20 efstu á JGP.
Innan 5 ára	Skautari meðal 5 efstu á ISU móti. A.m.k. 2 skautarar meðal 10 efstu á NM. Skautari meðal 20 efstu á EYOWF. Skautari meðal 18 efstu á JGP. Skautari á JW.
Innan 10 ára	Skautari í verðlaunasæti á ISU móti. A.m.k. 2 skautarar meðal 10 efstu á NM, þar af 1 á meðal 5 efstu. Skautari meðal 15 efstu á EYOWF. Skautarar meðal 18 efstu á JGP. Skautari á JW.

2. Úrvalshópur samanstendur af skauturum í **Kvennaflokki A, Unglingaflokki A og Stúlknaflokki A** sem náð hafa A grunnprófi í sínum keppnisflokki, keppa í A og skilað hafa viðmiðum í hópinn.

Markmið:

Kvennaflokkur	
Yfirmarkmið: Komast í Afrekshóp ÍSS.	
Innan 2ja ára	Skautari á ISU mót. Skautari á NM.
Innan 5 ára	Skautarar á ISU mót. Skautari á NM.
Innan 10 ára	Skautarar á ISU mót. Skautarar á NM.

Unglingaflokkur	
Yfirmarkmið: Komast í Afrekshóp ÍSS.	
Innan 2ja ára	Skautari meðal 15 efstu á ISU móti. Skautari meðal 13 efstu á NM. Skautari meðal 25 efstu á EYOWF. Skautari meðal 22 efstu á JGP.
Innan 5 ára	Skautari meðal 10 efstu á ISU móti. Skautari meðal 10 efstu á NM. Skautari meðal 20 efstu á EYOWF. Skautari meðal 18 efstu á JGP.
Innan 10 ára	Skautari í top 5 á ISU móti. Skautari meðal 10 efstu á NM. Skautari meðal 15 efstu á EYOWF. Skautarar meðal 18 efstu á JGP.

Stúlknaflokkur	
Yfirmarkmið: Skila reglulega viðmiðum ÍSS og halda sér þannig í hópnum.	
Innan 2ja ára	A.m.k. 1 skautari meðal 5 efstu á ISU móti. A.m.k. 1 skautari meðal 10 efstu á NM.
Innan 5 ára	A.m.k. 2 skautarar meðal 5 efstu á ISU mótum. A.m.k. 2 skautarar meðal 10 efstu á NM, þar af 1 í 5 efstu og 1 í 10 efstu.
Innan 10 ára	A.m.k. 2 skautarar í verðlaunasæti á ISU mótum. A.m.k. 2 skautarar meðal 10 efstu á NM, þar af 1 í verðlaunasæti.

3. Ungir og efnilegir samanstendur af skauturum í barnaflokkum sem náð hafa A grunnprófi í sínum keppnisflokki, keppa í A og skilað hafa viðmiðum í hópinn.

Markmið:

Allir 12 ára og yngri	
Yfirmarkmið: Skila reglulega viðmiðum ÍSS og halda sér þannig í hópnum.	
Skautarar reglulega meðal 5 efstu á alþjóðlegum móti.	

Hlutverk mismunandi aðila í afreksstefnu ÍSS

Hlutverk ÍSS:

- Gefa út Viðmið ÍSS.
- Velja og staðfesta fulltrúa á mót.
- Stuðla að aðgengi að fyrirlestrum og fræðslu m.a. í markmiðasetningu, þjálfraði, íþróttasálfræði, næringarfræði og íþróttameiðslum.
- Vinna með sérfræðingum á hverju því sviði sem viðkemur listhlaupi á skautum og benda á fagteymi ÍSÍ sem samanstendur af sjúkrapjálfa, lækni, þjálfara og íþróttasálfræðingi.
- Halda æfingabúðir, mögulega með erlendum gestaþjálfurum.
- Starfa náið með ÍSÍ, félögum, þjálfurum, skauturum og foreldrum.
- Vinna með ISU og fylgjast með og koma áfram upplýsingum og nýjungum í íþróttinni til skautara og þjálfara.
- Útvega dómara- og tæknimenntað fólk til að vinna með skauturum í hópum ÍSS og þjálfurum þeirra við undirbúning fyrir mót þegar eftir því er óskað.
- Sækja um ístíma og styrki.
- Stuðla að aukinni menntun dómara, tæknifólks og þjálfara og auka þar með menntunarstig íslensks fagfólks.

Hlutverk félaga:

- Starfa náið með ÍSS og vinna að markmiðum afreksstefnu.
- Útvega viðunandi æfingaaðstöðu og ístíma.
- Útvega hæfa þjálfara og skapa þannig uppbyggilegt og örvandi umhverfi fyrir afreks- og úrvalshópa.

Hlutverk þjálfara:

- Þjálfarar skulu hafa „Sáttmála um þátttöku fyrir hönd Íslands á alþjóðagrundvelli í listhlaupi á skautum“ að leiðarljósi í öllum verkefnum sem þeir taka þátt í á vegum ÍSS.
- Vinna samkvæmt afreksstefnu ÍSS.
- Vinna með skauturum, félögum og ÍSS að markmiðum og haga þjálfun samkvæmt því.
- Sækja þjálfaranámskeið, endurmenntun, ráðstefnur og fyrirlestra sem í boði eru hjá ÍSS, ÍSÍ, háskólum og eftir því sem komið er við erlendis.
- Taka þátt í þróunar- og samvinnuverkefnum milli félaga ÍSS og eftir því sem komið er við erlendis, t.d. varðandi æfingabúðir.

Hlutverk skautara:

Skautarar eiga að stunda íþróttina með metnað og uppbyggingu í fyrirrúmi. Þeir eiga að fylgja fyrirætlum þjálfara síns. Góð ástundun er forsenda árangurs. Æskilegt er að skautarar sækji ráðstefnur og fræðslufundi sem í boði eru og viðkemur íþróttum og afreksmálum. Skautarar skulu hafa „Sáttmála um þátttöku fyrir hönd Íslands á alþjóðagrundvelli í listhlaupi á skautum“ að leiðarljósi í öllum verkefnum sem þeir taka þátt í á vegum ÍSS.

Aðrir sem hafa hlutverk:

Foreldrar, framkvæmdastjóri ÍSS, íþróttabandalög, vinir og aðrir skautarar.

Fjármögnun

Afreksstefna ÍSS er fjármögnuð með styrk frá ISU til keppnisferða, afreksstyrk ÍSÍ, ríkisstyrkjum, og framlögum frá styrktaraðilum.

Leiðir til að auka framþróun og almenna þátttöku í íþróttagreininni

- Efla samhæfðan skautadans með því að fá allan aldur inni íþróttina.
- Gera upplýsingar um kennslu listhlaups á skautum aðgengilegt á heimasíðu ÍSS, m.a. fyrir kennara í grunnskólum.
- Ná til drengja með því að hvetja félögin til að auglýsa sérstök skautanámskeið fyrir drengi.
- Efla kynningu á skautaskólum og starfsemi félaganna með því að halda „listhlaupa dag“.
- Halda áfram að fanga athygli fjölmiðla með því að vera dugleg að senda inn fréttir ásamt myndum og fá fjölmiðla á staðinn þegar mót eru.
- Auka markvisst framboð á dómara- og þjálfaramenntun til að byggja upp íslenska þjálfara, dómara og tæknifólk.